

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 25/2000
frá 31. mars 2000

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2000 frá 28. janúar 2000⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/65/EB frá 24. júní 1999 um breytingu á tilskipunum ráðsins 86/362/EBE og 90/642/EBE um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á kornvörum og tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/71/EB frá 14. júlí 1999 um breytingu á viðaukum við tilskipanir ráðsins 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á kornvörum, matvælum úr dýraríkinu og tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjtíð. EB L 172, 8.7.1999, bls. 40.

⁽³⁾ Stjtíð. EB L 194, 27.7.1999, bls. 36.

1. gr.

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í 38. lið (tilskipun ráðsins 86/362/EBE) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „ - **399 L 0065:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/65/EB frá 24. júní 1999 (Stjtið. EB L 172, 8.7.1999, bls. 40),
- **399 L 0071:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/71/EB frá 14. júlí 1999 (Stjtið. EB L 194, 27.7.1999, bls. 36).“

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 39. lið (tilskipun ráðsins 86/363/EBE) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „- **399 L 0071:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/71/EB frá 14. júlí 1999 (Stjtið. EB L 194, 27.7.1999, bls. 36).“

3. Eftirfarandi undirliðir bætist við í 54. lið (tilskipun ráðsins 90/642/EBE) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „ - **399 L 0065:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/65/EB frá 24. júní 1999 (Stjtið. EB L 172, 8.7.1999, bls. 40),
- **399 L 0071:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/71/EB frá 14. júlí 1999 (Stjtið. EB L 194, 27.7.1999, bls. 36).“

2. gr.

Texti tilskipana framkvæmdastjórnarinnar 1999/65/EB og 1999/71/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 1. apríl 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði tilgreind.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi*
Evrópubandalaganna.

Gjört í Brussel 31. mars 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner